

fram reikningar þess og kosnir 3 menn í stjórn félagsins og 1 endurskoðandi til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum.

### 7. gr.

Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfund. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að allir stjórnarmenn séu mættir.

Ágreiningi skal skjóta undir dóm félagsfundar. Færa skal gerðarbók stjórnarfundar og félagsfundar.

### 8. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og sér um viðhald og viðgerðir á vatnsveitunni.

### 9. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi, enda hafi breytinga verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti 2/3 félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Árnesshverfis, Gnúpverjahreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 23. júní 1976.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Skúli Sigurðsson.*

## H Ú S A G E R Ð A R S A M Þ Y K K T

fyrir Búnaðarsamband Vestfjarða.

### I. KAFLI

**Markmið samþykktar.**

#### 1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir félagssvæði allra búnaðarfélaga í Búnaðarsambandi Vestfjarða, en skiptist í þrjú húsagerðarsambönd, sem hér segir:

- 1) Samþykktarsvæði Austur-Barðastrandarsýslu og búnaðarfélög Snæfjalla-, Nauteyrar-, Reykjafjarðar- og Ógurhreppa í Norður Ísafjarðarsýslu.
- 2) Samþykktarsvæði Vestur-Barðastrandarsýslu.
- 3) Samþykktarsvæði Vestur-Ísafjarðarsýslu og búnaðarfélög Bolungarvíkur, Skutulsfjarðar og Súðavíkurhrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Hvert húsagerðarsamband setur sér húsagerðarsamþykkt, er Búnaðarsamband Vestfjarða leitar síðan staðfestingar landbúnaðarráðneysisins á.

#### 2. gr.

Tilgangur samþykktarinnar er að greiða fyrir húsabótum og öðrum byggingarframkvæmdum hjá félagsmönnum og stuðla að því, að bændur geti komið sér upp svo vönduðum, hagkvæmum og ódýrum húsum, sem kostur er á. Þessum tilgangi

vill búnaðarsambandið ná með því, að hvert húsagerðarsamband á búnaðarsambands­svæðinu taki að sér, eftir því sem aðstaða leyfir, byggingu íbúðar- og peningshúsa og þeirra húsa annarra, sem nauðsynleg eru í almennum búrekstri, hvert á sínu svæði, þannig að þau ráði til sín flokka byggingarmanna og leggi þeim til sem fullkomnastar vélar og önnur tæki til vinnunnar. Heimilt er og húsagerðarsam­höndum innan búnaðarsambands­svæðisins að hafa samvinnu sín í milli, þyki það vænlegra til árangurs.

## II. KAFLI

### Skipan og verk­svið framkvæmdastjórnar.

#### 3. gr.

Hvert búnaðarfélag kýs einn mann og einn til vara til 3ja ára í stjórn við­komandi húsagerðarsambands og auk þess tvo fulltrúa á aðalfund þess. Heimilt er að stjórn ræktunarsambands sé jafnframt stjórn húsagerðarsambands, svo og full­trúar búnaðarfélaga á aðalfundi.

Stjórn hvers húsagerðarsambands ræður sér framkvæmdastjóra í samráði við Byggingastofnun landbúnaðarins og Búnaðarfélags Íslands og skal hann hafa full réttindi húsasmíðameistara. Þó má ráða annan mann sé annars ekki kostur, enda fullnægi hann skilyrðum skv. 14. gr. reglugerðar nr. 88 frá 13. maí 1947. Stjórn sambandsins setur honum erindisbréf varðandi störf hans. Stjórnin getur falið 2 mönnum úr stjórn sambandsins að annast, ásamt framkvæmdastjóra, um stjórnar­framkvæmdir þær, er um getur í 5. og 6. gr., svo og umsjón með rekstri fyrir­tekisins og nefnast þeir framkvæmdastjórn. Stjórnin heldur sérstaka gerðabók, þar sem færðar eru ályktanir hennar, vegna þessarar starfsemi sambandsins.

#### 4. gr.

Stjórn hvers húsagerðarsambands annast kaup á nauðsynlegum vélum og verk­færum og öðru því, er þarf til þess að náð verði æskilegum hraða í byggingarstarf­semi sambandsins, enda komi samþykki stjórnar Búnaðarsambands Vestfjarða til. Skylt er henni samkv. 20. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í Sveit­um, að hafa samráð við forstöðumann Byggingarstofnunar landbúnaðarins um kaup og val véla, verkfæra og sérstakra veggjamóta, sem sambandið fær styrk til að kaupa, samkv. 21. gr. áður­nefndra laga, enda sé einnig haft samráð við stjórn Búnaðarfélags Íslands um fjölda þeirra eininga, sem kaupa þarf.

#### 5. gr.

Stjórn og framkvæmdastjóri hvers húsagerðarsambands sjá um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

#### 6. gr.

Framkvæmdastjórnin tekur á móti umsóknnum frá félagsmönnum um byggingar­framkvæmdir og kynnir sér, hvort umsækjandi geti fullnægt þeim skilyrðum, sem sambandið setur. Hún undirritar alla verktökusamninga og ákveður í samráði við framkvæmdastjóra, hvenær og í hverri röð byrja skuli á hverri byggingu, sem unnið skal að. Ennfremur skal hún ásamt framkvæmdastjóra ganga úr skugga um, að staðsetning byggingar sé ákveðin í samráði við viðkomandi byggingarnefnd og byggingarfulltrúa og samþykkt af trúnaðarmanni Byggingarstofnunar landbúnaðar­ins.

**7. gr.**

Frankvæmdastjóri hefur yfirumsjón með öllum vinnuflokkum og bókhald og gjaldkerastörf fyrir byggingarframkvæmdirnar, nema annað þyki hentara. Ennfremur ber honum að fylgjast með því, að verkkaupi fullnægi öllum skilyrðum, sem honum eru sett af sambandsstjórninni, og hefur að öðru leyti daglegt eftirlit með rekstrinum. Honum er skylt að veita verkkaupanda nauðsynlegar upplýsingar og áætlanir um efni til bygginganna ásamt öllum leiðbeiningum, er þörf kann að vera fyrir.

**8. gr.**

Allir samningar, er stjórn og frankvæmdastjóri gera fyrir hönd húsagerðar-sambands skv. samþykktum þessum eða ályktunum aðalfundar sambandsins, eru skuldbindandi fyrir félagsheildina og búnaðarfélagin, er að samþykktinni standa, án þess að það hafi verið sérstaklega undir þá borið. Stjórn og frankvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi sambandsins.

**III. KAFLI****Um tilhögun framkvæmda.****9. gr.**

Nú sækir félagsmaður sambandsins um að það annist byggingarframkvæmdir á jörð hans eða landi, sem hann hefur til umráða. Skal þá fylgja umsókninni teikning samþykkt af Byggingarstofnun landbúnaðarins. Rísi ágreiningur um teikningar þær, er fyrir liggja, getur kostnaðarmaður bygginga skotið þeim ágreiningi til Búnaðarfélags Íslands, er fellir fullnaðarúrskurð um hann. Jafnframt sé fram tekið, hvenær hann telji sig geta lokið undirbúningi verksins og fullnægt þar að lútandi ákvæðum samþykktarinnar. Ennfremur sé tekið fram, að hve miklu leyti hann óski að verkið sé unnið af sambandinu. Umsóknir skulu komnar til sambandsstjórnar fyrir lok janúarmánaðar ár hvert.

**10. gr.**

Að fengnum umsóknum þeim, er um getur í 9. gr., ber stjórn húsagerðar-sambandsins, í samráði við frankvæmdastjórn, að semja starfs- og rekstraráætlun fyrir hinar fyrirhuguðu byggingaframkvæmdir yfirstandandi árs. Rísi ágreiningur innan sambandsstjórnar um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunarinnar, ber að leggja hana fyrir aðalfund sambandsins til samþykktar.

Frankvæmdastjóra er skylt að framfylgja samþykktri starfsáætlun eftir því, sem við verður komið.

**11. gr.**

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar skal þess gætt, að þeir, sem mest hafa þörf fyrir nýbyggingar, sitji fyrir, eftir því sem unnt er.

**12. gr.**

Til þess að húsagerðarsamband taki að sér byggingaframkvæmdir, skal verkkaupi hafa fullnægt eftirtöldum skilyrðum: Lagt inn greiðslu í sjóð félagsins, sem stjórn sambandsins telur fullnægjandi til að ljúka verki því, sem það tekur að sér að annast. Heimilt er verkkaupa að leggja fram sem greiðslutryggingu ávisun á væntanlegt lán eða styrk, enda liggja fyrir yfirlýsingar frá stofnunum um lágmarks-upphæð á láni eða styrk, sem veittur yrði. Nú hefur verkkaupi fullnægt að dómi framkvæmdastjóra, framangreindum skilyrðum og skulu þeir þá gera með sér verk-tökusamning. Verkkaupi skal hafa grafið fyrir húsi, ennfremur gert byggingasvæði aðgengilegt fyrir vélar og önnur tæki, sem nauðsynleg eru við bygginguna, tryggt

nóg vatn til steypunnar og flutt allt byggingarefni á staðinn, nema samið hafi verið sérstaklega við sambandið um annað.

### 13. gr.

Byggingaframkvæmdum sé yfirleitt hagað þannig, að sem haganlegast sé fyrir báða aðila. Að sumrinu sé unnið að steypuvinnu og húsin gerð foheld, en að því leyti, sem sambandið tekur að sér innanhússvinnu, er gengið út frá því, að hún fari fram að vetrinum. Vanda skal val manna við vinnuna, eftir því sem kostur er, og sé að minnsta kosti einn maður í hverjum flokki fær til að vinna á eigin ábyrgð að þeim verkefnum, sem flokknum er ætlað að leysa af hendi, enda sé hann verkstjóri flokksins.

Byggingavinnan skiptist milli vinnuflokka eftir því sem stjórn og framkvæmdastjóri telja hagkvæmast, jafnframt því, að tryggð sé nægileg verkvöndun.

### 14. gr.

Nú liggja ekki fyrir næg verkefni hjá félagsmönnum húsagerðarsambands og er þá heimilt að taka verk fyrir utanfélagsmenn, enda sé farið eftir reglum sambandsins um greiðslutryggingu og öll störf greidd af verkkaupa eftir reikningi.

## IV. KAFLI

### Um greiðslu kostnaðar.

#### 15. gr.

Kostnaður við þær framkvæmdir, er samþykkt þessi tekur til, greiðist af verkkaupanda eftir þeim skildaga og á þann hátt, er tilgreint verður í verktökusamningi þeim, er um ræðir í 6. og 12. gr. þessarar samþykktar. Heimilt er stjórn og framkvæmdastjóra húsagerðarsambands að láta greiðslu fara fram eftir áætluðum verktöxtum, meðan verkið stendur yfir, en fullnaðargreiðsla sé byggð á tilkostnaðarverði, eins og það verður samkvæmt rekstursreikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við meðaltals byggingarkostnað næstliðins árs, eins og hann hefur verið reiknaður af Byggingarstofnun landbúnaðarins og með hliðsjón af verðbreytingum, sem kunna að hafa orðið.

#### 16. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðslur fyrningargjalds af áhöldum og veggjamótum. Kostnaður við flutning á milli vinnustaða, viðhald véla og annarra tækja, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður. Heimilt er stjórn húsagerðarsambands að ákveða að leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarreksturskostnaði hvers árs.

#### 17. gr.

Áhættuþóknun af verkum, sem unnin eru fyrir utanfélagsmenn og annar hagnaður á þeim, skal leggjast í byggingarsjóð sambandsins.

## V. KAFLI

### Fjáröflun og tryggingar.

#### 18. gr.

Hvert húsagerðarsamband mvndar byggingarsjóð til kaupa á vélum, verkfærum, áhöldum og veggjamótum við byggingaframkvæmdir sambandsins. Stofnfjárhæð hans er kr. 5 000 000.00, — fimm milljón krónur.

Tekjur byggingarsjóðs eru:

- 1) Tveir þriðju hlutar stofnfjárins er styrkur úr ríkissjóði, jafnóðum og hann greiðist til sambandsins, út á þær vélar, sem keyptar hafa verið, enda liggja fyrir samþykki Byggingarstofnunar landbúnaðarins og stjórnar Búnaðarsambands Vestfjarða um þörf húsagerðarsambands fyrir þann vélakost.
- 2) Óafturkræft framlag frá Búnaðarsambandi Vestfjarða, er nemi 1/6 hluta heildarstofnfjárins.
- 3) Eftirstöðvar stofnfjárins, 1/6 hluta, tekur húsagerðarsambandið að láni, sem endurgreiðist innan 5 ára, og teljast greiðslur þessar ásamt vöxtum til reksturskostnaðar við byggingarframkvæmdir. Heimilt er þó að jafna þessum hluta stofnfjárins niður á bændur á húsagerðarsambandssvæðinu í hlutfalli við landverð.
- 4) Tekjur þær, sem inn kunna að koma. skv. 17. gr.

#### 19. gr.

Nú kemur síðar í ljós, að álitu sambandstjórnar, að auka þurfi byggingarsjóð, og ber henni þá að gera rökstuddar tillögur um aukningu sjóðsins, og senda þær öllum búnaðarfélögum, áður en fulltrúar eru kosnir á aðalfund sambandsins.

Ef meiri hluti löglega kjörinna fulltrúa á aðalfundi sambandsins samþykkir að auka byggingarsjóðinn, er samþykktin bindandi fyrir búnaðarfélögin.

#### 20. gr.

Stjórn sambandsins ber að taka þær greiðslutryggingar, sem fyrir er mælt í 12. gr., miðað við áætlaðan kostnað sambandsins af hverri byggingu. Lokagreiðslur fara fram skv. ákvæðum verktökusamnings.

#### 21. gr.

Heimilt er stjórn húsagerðarsambandsins að taka rekstrarlán gegn tryggingu í ávísunum og greiðslutryggingum, sem ekki eru fallnar í gjaldþaga.

### VI. KAFLI

#### Um reikningshald og endurskoðun.

#### 22. gr.

Reikningsár húsagerðarsambandsins er almanaksárið og skal reikningsskilum lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram áður en aðalfundur sambandsins er haldinn. Endurskoðendur skulu sannprófa, að reikningum beri saman við þækur framkvæmdastjórnar.

#### 23. gr.

Endurskoðendur séu tveir fyrir hvert húsagerðarsamband, kosnir af aðalfundi búnaðarsambandsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn vandlega og hafa eftirlit með starfrækslu stjórnar og framkvæmdastjóra í hvívetna.

#### 24. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram árlega á aðalfundi húsagerðarsambands. Þar gefur stjórn eða framkvæmdastjóri skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur, ef tilefni er til. Síðan skulu reikningarnir sendir Búnaðarsambandi Vestfjarða.

## VII. KAFLI

## Um breyting samþykkt og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

## 25. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma, um breyting á samþykkt þessari, frá hreppa-búnaðarfélagum, skulu sendar sambandsstjórn, er sendir þær til umsagnar öllum aðilum, er að samþykktinni standa samkv. 1. gr. Breytingartillögur sambandsstjórnar skulu og sendar sömu aðilum til umsagnar. Tillögurnar skulu því næst, ásamt um-sögn búnaðarfélaganna, lagðar fyrir aðalfund búnaðarsambandsins. Samþykki lög-legur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti 3/5 atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

## 26. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggja fyrir um að tilgangi samþykktar verði ekki náð og að lögmætur aðalfundur búnaðarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti 3/5 atkvæðis-bærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

## 27. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál og varða þau sektum frá krónum 10 000.00—100 000.00, nema þyngri hegning liggja við að lögum.

## 28. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi, þá er hún hefur verið staðfest af landbúnaðar-ráðherra.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar-og húsagerðarsamþykktir í sveitum og reglugerð nr. 88 13. maí 1947, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 1. júlí 1976.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Haukur Jörundarson.*

## G J A L D S K R Á

## fyrir Rafveitu Borgarness.

Í gjaldskrá þessari eru taxtar reiknaðir í gjaldstigum, g. kWst. = kílóvatt-stund = orkueining, kw = kílóvatt = afleining.

Frá og með 1. júlí 1976 er verðgildi gjaldstigs skv. V. kafla: g = kr.9.10.

## I. KAFLI

## RAFMAGNSSALA

Rafveita Borgarness selur rafmagn á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

## 1. Orku- og afltaxtar (þ. e. kWst.- kw.-taxtar).

	g.	kr.
11. Um mestaafis-mæli:		
11.1 Fyrir hverja kWst. ....	0.3	2.70
11.2 Fyrir hvert árskílóvatt .....	1 600	14 560.00